

Málþing um stöðu og framtíð íslenskra fjölmiðla

[Menntamálaráðuneyti](#) og Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti héldu í gær málþing um stöðu og framtíð íslenskra fjölmiðla. Málþinginu var ætlað að skapa umræðu um stöðu og framtíð íslenskra fjölmiðla í ljósi þess að nú er verið að vinna að lagasetningu á þessu sviði.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðherra](#) ávarpaði fundargesti. Ráðherra fjallaði um aðdraganda þess að nú væri verið að setja ný lög um aðgengi og verð á sjónvarpsefni sem hefur hækkað mikið á undanförunum misserum. Sigve Gramstad, fyrrum forstjóri [Medietilsynet](#) og sérfræðingur hjá [Evrópuráðinu](#), lýsti norsku fjölmiðlalandslagi og sagði frá nýjum fjölmiðlalögum í Noregi. Þar hafa m.a. verið settar takmarkanir á eignarhaldi



Sigve Gramstad, fyrrum forstjóri Medietilsynet og sérfræðingur hjá Evrópuráðinu, flytur erindi sitt á málþingi um stöðu og framtíð íslenskra fjölmiðla.

fjölmiðla þar sem miðað er við tiltekna markaðshlutdeild. Þá flutti dr. Guðbjörg Hildur Kolbeins fjölmiðlafræðingur erindi þar sem hún skoðaði hvernig hægt væri

að stofna nýjan ljósvakamiðil á markaðnum í dag. Hún lýsti þeim hindrunum sem gætu orðið við dreifingu, kaup á efni og á auglýsingamarkaði sem og við ráðningu starfsfólks. Elfa Ýr Gylfadóttir, fjölmiðlafræðingur og starfsmaður sérfræðinganefndar um málefni fjölmiðla, flutti erindi um forsendur og markmið nýrra fjölmiðlala. Hún fjallaði um breytingar sem verða með stafrænni tækni, íslenskt fjölmiðla- og fjarskiptalandslag og markmið laga-setningar. Að loknum erindum stjórnaði Þorbjörn Broddason, prófessor við [Háskóla Íslands](#), pallborði. Í pallborði sátu Páll Magnússon útvarpsstjóri [Ríkisútvarpsins](#), Karl Blöndal, aðstoðarritsstjóri [Morgunblaðsins](#), Magnús Ragnarsson, forstjóri [Skjás Eins](#), og Páll Baldvin Baldvinsson frá 365 miðlum.



Ókeypis aðgangur að Listasafni Íslands

Til að auka aðsókn og auðvelda aðgengi að [Listasafni Íslands](#) hefur safnið ákveðið að fella niður aðgangseyri. Um er að ræða tilraun í eitt ár og verður aðgangur að safninu gjaldfrjálss frá og með 24. febrúar.

Um leið og aðgangseyrir að safninu er felldur niður verður þjónusta við gesti aukin. Eitt af markmiðum Listasafnsins er að efla menntunar- og fræðsluhlutverk sitt og því verður föstum leiðsögnum um safnið fjölgað. Þá verður opnað nýtt fræðslusetur í safninu næsta vor þar sem gestum mun meðal annars gefast kostur á að nýta margmiðlunartækni til að skoða á tölvuskjám alla listaverkaefni safnsins eftir íslenska listamenn, alls um 8000 verk. Unnið hefur verið að því að setja þessi verk á tölvutækt form ásamt miklu magni upplýsinga um þann listræna menningararf þjóðarinnar sem varðveittur er í Listasafni Íslands. Opnun fræðslusetsins er mikilvægt skref í að styrkja þjónustuhlutverk safnsins og auðvelda aðgengi gesta að þessum mikilvæga þætti íslenskrar menningar.

Eignarhaldsfélagið Samson ehf. og Listasafn Íslands hafa gert með sér samstarfs-samning sem felur í sér að Samson verður aðalstyrktaraðili Listasafns Íslands næstu þrjú árin. Á samningstímanum mun Samson styrkja listasafnið um 45 milljónir króna sem verður varið til að efla starfsemi safnsins. Gerir þessi samstarfssamningur Listasafninu m.a. kleift að eigna til tilraunar með gjaldfrjálssan aðgang.

Vel heppnað málþing um stöðu leikskólans

[Menntamálaráðuneyti](#) hélt hinn 20. febrúar sl. lokað málþing í [Þjóðmenningarhúsinu](#) um stöðu leikskólans í samfélaginu en að undanförunu hefur mikil umræða farið fram um málefni leikskóla, starfsmannavanda og kjör starfsfólks á leikskólum. Málþingið var haldið með ýmsum hagsmunaaðilum og fulltrúum allra stjórnmálaflokka.

[Menntamálaráðherra](#) bað samráðsnefnd leikskóla að undirbúa málþing með þeim hagsmunaaðilum sem koma að leikskólamáli í þeim tilgangi að fjalla um stöðu leikskólans í samfélaginu og koma með tillögur um eflingu þessa skólastigs. Í samráðsnefndinni eru fulltrúar frá ráðuneytinu, [Félagi leikskólakennara](#), [Sambandi íslenskra sveitarfélaga](#) og [Eflingu stéttarfélagi](#).

Málþingið hófst á ávarpi menntamálaráðherra. Í máli sínu setti hún fram ýmsar leiðir sem ráðuneytið teldi vænlegar og nauðsynlegar til að veita leikskólanum, nemendum hans, leikskólakennurum, öðru starfsfólki leikskóla, svo og foreldrum, betra



Hluti þátttakenda á málþingi um stöðu leikskólans í samfélaginu.

starfsumhverfi. Hún nefndi einnig mikilvægi samkomulags menntamálaráðuneytis og [Kennarasambands Íslands](#) um skólastarf og skólaumbætur - [10 skref til sóknar](#) sem undirritað var nýlega og tengist sérstaklega áformum um [breytta námsskipan](#).

Að loknu ávarpi ráðherra gafst þingfulltrúum frá u.þ.b. 20 hagsmunaaðilum og öllum stjórnmálaflokkum tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum um stöðu leikskólans og hvar umbóta væri þörf í starfsemi hans. Þingfulltrúar komu með ýmsar tillögur sem miða að því að bæta stöðu leikskólans í samfélaginu og miklar umræður spunnust um einstakar tillögur. Almenn ánægja var með þingið og rætt um að æskilegt væri að halda fleiri sambærileg þing um menntamáli.

Menntamálaráðuneyti mun taka saman greinargerð um þingið og samantekt með helstu tillögum um aðgerðir. Hún verður kynnt fyrir stjórnvöldum og hagsmunaaðilum og gerð aðgengileg á vef ráðuneytisins.

